

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, lóð nr. 39 við Hvaleyrarbraut.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, vegna lóðarinnar að Hvaleyrarbraut 39. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að aðkomu að lóð verði breytt og innkeyrslum fjölgað, byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall eykst. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 9. janúar til 6. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, íþróttasvæði FH, skipulagsreitur 3.2.3.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði óverulega deiliskipulagsbreytingu í Kaplakrika, íþróttasvæði FH, á skipulagsreit 3.2.3. Í skipulagsbreytingunni felst að byggingarreitur stækkar til vesturs um 2 m á 60 m breiðum kafla.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Skarðshlið, 1. áfangi, reitur 7.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 17. desember 2019 var samþykkt breyting á lóðunum við Hraunskarð 2, 4, 6, 8 og Hádegisskarð 4 og 6 og erindið afgreitt skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Vikurskarð 4.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 21. febrúar 2020 var samþykkt breyting á lóðinni við Vikurskarð 4 og erindið afgreitt skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. febrúar 2020.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.